



Fornleifaskráning

vegna umhverfismats á fyrirhuguðum sorpurðunarstað í
Viðvíkursveit, Skagafjarðarsýslu



FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Línuhönnun hf.
Maí 2000.

Inngangur


Að beiðni Línuhönnunar hf. kannaði Fornleifafræðistofan fyrirhugaðan sorpurðunarstað sunnan við Kolku í Viðvíkursveit, skammt frá Kolkuósi. A.m.k. 50 m breið ræma umhverfis hinn fyrirhugaða urðunarstað var könnuð, auk staðarins sjálfs. Eins voru vegaslóðarnir sem liggja að staðnum kannaðir á sama hátt, en þar var 20 m breitt svæði skoðað sinn hvoru megin slóðanna.

Farið var í gegn um nokkrar heimildir svo sem Sýslu- og sóknarlýsingar, Örnefnaskrár, Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og Árbók Hins ísl fornleifafélags.

Vettvangsvinna fór fram þann 20. maí síðastliðinn. Einu fornleifarnar sem fundust fengu númerið 1 í fornleifaskrá Viðvíkursveitar. Þess ber að geta að hið sameinaða sveitarfélag mun vera að vinna að fornleifaskráningu Skagafjarðar og mun væntanlega endurskýra staðinn og skrá hann nánar þegar fram líða stundir.

Umboðsmaður verkkaupa var Ingibjörg E. Björnsdóttir. Ýmsar upplýsingar veittu Sigríður Sigurðardóttir, safnstjóri í Glaumbæ og verkfræðistofan Stoð á Sauðárkróki. Kann ég þessum aðilum kærar þakkir fyrir ánægjuleg samskipti.

Forsíðumyndin sýnir gamla bæjarhúsið á Kolkuósi og upp í Klaufina, þar sem Vagnbrautin liggur svo áfram til Hóla.



Mynd 1. Staðsetning hins fyrirhugaða sorpurðunarstaðs í Viðvíkursveit (rauður hringur).

Skráningin

Á hinu kannaða svæði eru engar friðlýstar fornleifar.

Skv. þjóðminjalögum frá 1990, með síðari breytingum, eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi fornleifanefndar (17. gr. þjóðminjalaga). Því eru allar þær fornleifar á svæðinu, sem eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (18 g.). Um friðaðar fornleifar gilda engin sérstök ávæði hvað þetta varðar. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðli þeirra og þarfa.

Hyggist einhver gera jarðrask sem haggar fornleifum skal viðkomandi skýra Þjóðminjasafni Íslands frá því áður en hafist er handa um verkið. Skal lýst nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd leiðir. Þjóðminjasafn ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefjast og með hvaða skilmálum (21. gr.).



Mynd 2. Loftmyndin sýnir Vagnbrautina þar sem hún liggur í gegn um hið fyrirhugaða sorpurðunarsvæði (rautt strik).

Aðeins einar fornleifar fundust við vettvangsathugun, gamla þjóðleiðin Vagnbraut (Akbraut, Kolkuósvegur) frá Kolkuósi heim að Hólum. Fornleifarnar teljast ekki hafa hátt minjagildi, en þær hafa þó ákveðið sögulegt gildi. Þær eru í mikilli hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda og ástand þeirra telst lélegt vegna seinni tíma umferðar vélknúinna farartækja.

Ekki þykir ástæða til að friðlýsa fornleifarnar sérstaklega.

Niðurstaða

Aðeins einar fornleifar fundust á hinu kannaða svæði, hin gamla þjóðleið Vagnbraut frá Kolkuósi heim að Hólum í Hjaltadal. Leita þarf álits Þjóðminjasafns og leyfis fornleifanefndar um að raska leiðinni á hinu fyrirhugaða framkvæmdasvæði.

Varast ber að hafa vinnuskúra eða efnisgeymslur of nálægt fornleifum og haga akstri þungavinnuvéla með tilliti til fornleifa.

Um heimildir, sjá fornleifaskrá.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Skagafjarðarsýsla	Viðvíkursveit	5708		1
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Viðvík/Kolkuós/Langhús/Viðvík		Vagnbraut		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	20.05.2000	-		-	-

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Fornleið			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Sorpurðun	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið					Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Leiðin liggur frá Kolkuósi suður yfir heiði í átt að Hólum í Hjaltadal, vestan við Kolku.

Heimildir og munnmæli

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Níunda bindi. Skagafjarðarsýsla. Kaupmannahöfn 1930:218.
Sigurður Vigfússon. „Rannsóknarferð um Húnavats og Skagafjarðarsýslur 1886.“ Árb. Hins ísl. fornleifafélags 1888-1892. Reykjavík 1892:117-118.
Sýslu- og sóknarlýsingar. Safn til landfræðisögu Íslands II. Akureyri 1954:130.
Örnefnaskrá. Brimnes, Langhús, Viðvík. Örnefnastofnun.

Lýsing

Fornleið.

Ca. 2 - 2,5 m breið og 0,2 - 0,3 m djúp.
Í dag liggur vegaslóði um leiðina og sjást vel dekkjarför farartækja. Lítið minnir á hina upprunalegu Vagnbraut, nema spotti talsvert fyrir sunnan það svæði sem var í skoðun.
Leiðin frá Kolkuósi og talsvert til suðurs, út fyrir hið fyrirhugaða sorpurðunarsvæði, er mæld inn af verkfræðistofunum Línuhönnun hf. og Stoð. Hún sést mjög vel á loftmyndum (sem og aðrar leiðir í nágrenninu).

Í Árb. Hins ísl. fornleifafélags 1892 segir að á svæðinu séu tvær fornleiðir (þjóðleiðir er gangi undir nafninu Brautir. Önnur þeirra er kölluð Vagnbraut eða Akbraut.

Við Kolkuós var skipsuppsátur Hólabiskupsstólsins og þar var búðarstöð stólsins.
Þar sem leiðin fer upp frá Kólkuósi í gegn um áberandi skarð heitir Klauf. Vegurinn kallst stundum Akbraut eða Kolkuósvegur.

Athugasemdir

Mótvægisáðgerðir: Sækja um leyfi til fornleifanefndar um að spilla hluta af leiðinni með þeim skilmálum sem nefndin og Þjóðminjasafn kunna að setja, eða færa urðunarstaðinn til NA (t.d. breikka hann til beggja enda og hlífa þannig Vagnbrautinni).

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L